

L Ö G

um breyting á lögum um tilbúning og verzlun með ópíum o. fl.,
nr. 14 20. júní 1923.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Dómsmálaráðuneytið getur úrskurðað, að ákvæði laga þessara gildi um öll efni, hvort sem þau eru afleidd af morfíni, kókaini eða söltum þeirra eða ekki, enda hafi sannast við visindalega rannsókn, að misnota megí þau á líkan hátt, eða að þau hafi lík skaðvænleg áhrif sem efni þau, sem nefnd eru í 2. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. maí 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. málsgrein 7. gr. laganna orðist svo:

Lán til húsa er heimilt að veita í áföngum, eftir að hús er fókheld.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. maí 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.